



Stærðfræði 3. bekkur 2024-2025

Í stærðfræði verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1.- 4. bekk. Þeir námsþættir sem unnið er með eru:

- Tölfræði
- Samlagning og frádráttur með þriggja stafa tölum
- Mælingar
- Tími
- Rúmfræði
- Margföldun og deiling
- Samhverfa
- Námundun
- Talnalínur
- Rúmfræði
- Almenn brot
- Hnitakerfi

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna í 30 mínútna lotum. Annars vegar í hefðbundinni bókavinnu og hins vegar í hringekju þar sem nemendur vinna meðal annars að fjölbreytilegum stöðvaverkefnum. Dæmi um stöðvaverkefni eru spil, mælingar, þrautir, kennsluforrit og ýmis „hands on“ verkefni. Í stærðfræðinni vinna nemendur einstaklingslega, í hópavinnu og í pörum.

Námsefni og gögn

Námsgögn sem við notum:

- Sproti 3a og Sproti 3b, Sproti æfingahefti 3a og Sproti æfingahefti 3b
- Stærðfræði spæjarar
- Ýmis verkefni, spil og þrautir
- Ýmis kennsluforrit

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnleg svo nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Einnig verða lagðar fyrir kannanir eftir hvern námsþátt, matslistar, skimanir og próf og hæfni færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennarar – Signý Ingadóttir og Anna Ólafía Guðnadóttir